

Næsti fasi framkvæmda í miðbænum kynntur



Boðað hefur verið til opins íbúafundar á Selfossi í tilefni kynningar á næsta áfanga miðbæjarins sem hefur gengist undir miklar breytingar frá því hann var fyrst kynntur.

„Við höfum lært mikið á þessu fyrsta ári í nýja miðbænum og höfum gert ákveðnar breytingar á öðrum áfanga sem kalla á deiliskipulagsbreytingu. Nú eru þessar breytingar að fara í ferli og þess vegna er boðað til íbúafundar,“ segir Leó Árnason, stjórnarformaður Sigtúns Þróunarfélags í samtali við Dagskrána.

Sigtún, sem stendur að uppbyggingu miðbæjarins á Selfossi, hefur boðað til fundarins í kvöld, fimmtudaginn 13. október kl. 19:30, þar sem farið verður yfir næstu skref í uppbyggingu miðbæjarins.

„Við Sigurður Einarsson arkitekt munum fara yfir stöðuna og horfa fram á veginn með tilliti til skipulagsmála. Fyrri áfanginn hefur fengið frábærar viðtökur og breytt ýmsu um það hvernig við sjáum seinni áfangann fyrir okkur. Við sjáum ný tækifæri og höfum undanfarna mánuði unnið að þróun og hönnun í samræmi við það. Ég hlakka mikið til að spjalla milliliðalaust við bæjarbúa og frumsýna myndir af næsta áfanga miðbæjarins,“ segir Leó.

Íbúafundurinn verður haldinn á Sviðinu, sem er nýji viðburða- og tónleika-salurinn við Brúartorg í miðbænum.

Þrjú forsetamerki á Selfoss

Síðastliðinn sunnudag hlutu 10 ungmennti forsetamerki Bandalags íslenskra skáta við formlega athöfn að Bessastöðum og voru þrjú þeirra, Arney Sif Ólafsdóttir, Bjarni Gunnarsson og Karen Hekla Grønli, frá Skátafélaginu Fossbúum á Selfossi.

Í forsetamerkinu sameinast gildi skátaheyrifingunnar um eflingu einstaklingsins og þess að gera sitt besta samfélaginu til heilla. Til þess að vinna að forsetamerkinu þurfa skátar að stunda

kröftugt skátastarf í þrjú ár þar sem meðal annars reynir á leiðtogaþjálfun, fjallamennsku, sjálfbæðaliðastörf í þágu samfélagsins og þjálfun í verklegum þáttum eins og skyndihjálp, skipulagningu ferða og framkvæmd viðburða. Verkefni hafa mörg hver tengsl við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Skátarnir 10 eru allir á aldrinum 18-20 ára og fengu silfurnælu sem forseti Íslands, verndari skátaheyrifingarinnar hefur afhent árlega síðan 1965.



Bjarni Gunnarsson, Arney Sif Ólafsdóttir og Karen Hekla Grønli ásamt Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands. Mynd: Rita Osório.

**Fáðu
fagmann
í verkið**



**PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



**Toyota
Selfossi**

**FRAMÚRSKARANDI
ÞJÓNUSTA**

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is



OKTÓBERFEST

ÚLPUDAGAR - NÝ TILBOÐ Í HVERRI VIKU

ALLAR ÚLPUR Á
20% AFSLÆTTI
FRÁ 12. TIL 19. OKT.

AFSLÁTTARKÓÐI Á
TISKUVERSLUN.IS ER
ÚLPUR20



LINDIN
TISKUVERSLUN

Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

Túnpökusala Oddsteins

Lóðapökur - Fótboltagras
Golfvallargras

Sími 663 6666 - tso@tso.is - www.tso.is

„Með því skemmtilegasta sem ég hef tekið mér fyrir hendur“

Síðan nýr miðbær opnaði á Selfossi síðasta sumar, hafa eflaust margir sunnlendingar orðið varir við hópa fólks á gangi um bæinn, ásamt leiðsögumanni. Þetta kom til vegna þess að fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök voru ólm í að fræðast um þetta verkefni, byggingu miðbæjarins og þau þrettán hús sem þegar hafa risið og yfir tuttugu sem koma til með að rísa þar, sem eiga það öll sameiginlegt að eiga merkilega sögu.

Þeir Valdimar Bragason, leiðsögumaður og fyrrum prentari og Magnús J Magnússon, fyrrum skólastjóri BES, hafa tekið að sér leiðsögn um þessar merku slóðir, fyrir hönd Sigtúns þróunarfélags sem stendur fyrir



ATVINNA

Skalli óskar eftir hressum
og duglegum einstaklingum
í hlutastarf og fullt starf.

Umsækjandi þarf að hafa góða þjónustulund,
hæfni í mannlegum samskiptum, stundvís,
reglusamur og vera orðin 18 ára eða eldri.

Upplýsingar í síma 483-1111

Skalli
Sá svalasti í bænum

Austurvegi 46, Selfossi

byggingu miðbæjarins, enda báðir vel að sér í sögu húsanna og að sjálfsögðu sögu Selfoss. Hafi lesendur áhuga á leiðsögu-um ferðum um bæinn er hægt að hafa samband við þau hjá Skyrlandi, sem staðsett er í gamla Mjólkurbúinu og bóka ferðir.

Við rákumst á Valdimar þar sem hann gekk um bæinn ásamt hópi fróðleikspyrstra íslendinga og sagði þeim frá. „Þetta er með

því skemmtilegasta sem ég hef tekið mér fyrir hendur, fólk er svo áhugasamt og heillað af þessari hugsjón og framkvæmd. Við getum öll verið stolt af þessum glæsilega miðbæ sem vekur aðdáun allra sem í hann koma. Sumir segja jafnvel „þegar þið eruð búin með þennan, getið þið gert einn fyrir okkur?“,“ segir Valdimar og hlær.

HGL

Stofn

Tryggjum fleiri gæðastundir

**SJÓVÁ**

Á hverju ári fá þúsundir tjónlausra viðskiptavina Sjóvá **Stofnendurgreiðslu**.
Þannig hefur það verið í rúm 25 ár.

Gamla Selfossbíó lítur dagsins ljós á ný

Samkvæmt tillögu að nýju deiliskipulagi í miðbæ Selfoss er gert ráð fyrir því að eitt af húsunum verði endurgerð af gamla Selfossbíó eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.

Selfossbíó, sem reist var árið 1944 og rífið árið 1986, átti stóran stað í hjarta margra Selfyssinga, en saga hússins er sannarlega merkileg, eins og fram kom í grein Guðmundar Kristinssonar í 830. útgáfu Dag-skrárinna árið 1986.

„Á stríðsárunum jókst umferð mjög um Selfoss, einkum í sambandi við hið fjölmenna setulið í Kaldaðarnesi. Tryggvaskáli var þá eina gisti- og veitingahúsið á Selfossi og því kom fljótlega upp sú hugmynd að reisa þar nýtt veitinga- og kvikmyndahús. Eflaust hefur Egill Thorarensen kaupfélagsstjóri verið aðal hvataður að félagsstofnun í þessu skyni,“ segir í grein Guðmundar. Egill fékk til liðs við sig tíu valinkunna menn víða af Suðurlandi og úr Reykjavík og stofnuðu þeir hlutafélagið



„Selfossbíó hf.“ Nam hlutaféð 70.000 kr.

Gunnlaugur Halldórsson arkitekt teiknaði Selfossbíó og Guðmundur Eiríksson frá Eyrarbakka var yfirsmiður. Aðalhúsið var 326 fermetrar með rúmgóðri forstofu, stórum samkomusal og leiksviði en salurinn tók allt að 300 manns í sæti. Vestur af inn-ganginum var veitingasalur sem kallaður var Gildaskálinn, með eldhúsi og öðrum minni sal. Var veitingaálma hússins 210 fer-

metrar að stærð og allt húsið því 536 fermetrar.

Laugardaginn 13. maí 1944 var húsið tekið í notkun við há-tíðlega athöfn. Öllum Selfys-singum var boðið á kvikmynda-sýningu, þar sem Egill Thorarensen flutti ræðu og fullyrti að húsið myndi valda tímamótum í skemmtanalífi héraðsbúa. Skömmu síðar var komið upp gístiaðstöðu við bíóið. Átján herbergja timburhús sem kallað var Langavitleysan. Hún brann til grunna aðfaranótt 6. janúar 1950.

Selfossbíó var á sínum tíma mikið og veglegt hús og bætti úr brýnni þörf sem eitt helsta samkomuhús á Suðurlandi. Lengst af voru kvikmyndasýningar stærsti þátturinn í rekstri hússins, en mikið dró úr þeim eftir að sjónvarpið hóf göngu sína haustið 1966.

Þar voru haldnar flestar stærri samkomur og fjölmennustu fundir á svæðinu, margskonar sýningar og leiksýningar, 17. júní samkomur, þorablót og dansleikir sem nutu mikilla vinsælda. Í raun svo mikilla að ung-menni þyrptust þangað, bæði úr nærsveitum og Reykjavík og segir sagan að þegar mest lét hafi á milli 7-800 manns verið hleypt inn í húsið. Áður en Selfosskirkja var reist og þegar Laugardælakirkja dugði ekki fyrir sívaxandi fólksfjöldann á Selfossi var að auki messað í bíóinu í nokkur ár.

Það er því dagljóst að Selfossbíó kemur til með að sóma sér vel í nýju hlutverki í miðbæ Selfoss en telja má næsta öruggt að nánar verði fjallað um nýja, gamla Selfossbíó á kyn-ingarfundi sem haldinn verður á Sviðinu, nýja viðburða- og tónleikasalnum við Brúartorg í miðbænum á fimmtudagskvöld klukkan 19:30.

HGL



Hjörtur Benediktsson er sunnlenski matgæðingurinn að þessu sinni.



Hjörtur Benediktsson.

Takk fyrir þessa miklu áskorun Ingi Þór. Ég er talsmaður íslenskrar matargerðarlistar og þess vegna nota ég eins mikið íslenskt hráefni og hægt er. Er hræta en borða töluvert grænmeti með, einkum það sem ég rækta sjálfur. Það verður að segjast eins og er að ég er orðinn töluvert slyngur að grilla en skussi við annað, er þó alltaf að læra. Mottóið er að hafa kjötið ekki of lengi á grillinu, heldur láta það hvíla undir álpappír, þá heldur það áfram að eldast og verður ekki brennt og hart.

Ég ætla hins vegar að kynna fyrst til leiks rófusúpu og styðst við uppskrift sem finna má inn á rofa.is sem er síða sem Félag gulfrónabænda heldur úti. Ég hef verið stórræktandi í rófum og finnst því mega nota þar miklu meira t.d. í stað innfluttra sætkartafla. Rófan er góð bæði; hrá, steikt og soðin, inniheldur mikið C-vítamín og oft kölluð sítróna norðursins. Aðrar uppskriftir eru fengnar hjá landsliðskokkum og öðrum velunnurum sem lögðu mér lið, en margir vildu leggja hönd á plóg er þeir fréttu af þessari áskorun.

Rófusúpa

- 3 meðalstórar rófur
- 2 gulrætur
- 2 laukar
- 3 væn hvítlausrif
- Ögn af paprikudufti, karríi og broddkúmeni
- 1 tsk. tómatakraftur
- 1 msk. smjör
- Skvettta Worcestershire-sósa
- Sjávarsalt frá Norður salti
- Engiferrot
- 2 tsk. grænmetiskraftur

Rófurnar eru skrældar og velt upp úr góðri olíu og salti og soðnar ásamt gulrótunum. Smjörið brætt, lauk, hvítlauk, engiferi, kryddi og tómatakrafti bætt út í og hrært hraustlega í pottinum svo að ekki brenni við. Þegar þetta ilmar mátulega er vatni bætt við svo að yfir fljóti og látið malla. Rófur og gulrætur settar í pottinn með lauknum og kryddinu og allt maukað saman og smakkað til með Worcestershire-sósu. Ef til vill þarf að þynna súpuna með grænmetissoði en hún á þó að vera þykk. Súpan er svo borin fram með þeyttum rjóma

eða sýrðum, saxaðri steinselj, chili-pípar og hvannarfræjum.

Grænkálspestó

- 200 g grænkál
- 2 - 3 hvítlauksgeirar
- 100 g ristaðar furuhnetur
- Parmigano eftir smekk
- Safi úr 1/2 sítrónu
- 100 ml ólífuolía

Allt sett saman í blandara og maukað vel saman. Einnig getur verið skemmtilegt að sleppa ostinum og bæta við fleirri kryddum í staðinn td. Piparrót, ferskur jalapeno, engifer eða annað sem hugmyndarflugið hefur uppá að bjóða nú eða skessujurt.

Ekta frönsk lauksúpa með skessujurt

- 12 laukar
- 5 lítrar vatn
- 2 kjúkligateningar
- 2 nautateningar
- Nokkrir kvistar blóðberg eða timian
- 3 stíllar skessujurt
- 2 lárberjalaufl (lárviðarlauf)
- Svartur pípar
- Ólívuolía
- Vínskvettta
- Brauð
- Ísbúi eða Gruyere ostur

Skerið lauk í tvennt eftir endilöngu og í 5mm sneiðar. Laukurinn brúnaður heillengi og pípraður. Eða þartil hann er orðinn gullinbrúnn og sætilmandi. Einhverju víni skvett yfir og látið sjóða niður. 5 lítrar af vatni, súputeningar, blóðberg, lárberjalaufl og kramdir stíllar skessujurtarinnar ofan í pottinn. Soðið í 10 mínútur eða svo. Í lokin fara skessujurtarlaufin söxuð ofan í. Brauð með fullt af góðum osti ristað í ofni og sett í skálarbotn. Súpunni ausið yfir.

Ég vil skora á söngbróður minn og vin Sigurð Sæmundsson í Hveragerði að koma með eitthvað sniðugt í næsta blað.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á mánudegi.



Selfossbíó sumarið 1962.



Selfossbíó rífið.



Aðalinngangur Selfossbíós.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUBURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0573, helga@dfs.is.

Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 856 0565, dfs@dfs.is.

Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókauktáfan HÖLAR

Lappir fjórar hefur hann, heimskan manninn lýtir. Blanda sem ég blanda kann, burt með einni er flýtir.

Svar við gátu í blaði 2669: **RÁS**

1. Tók á **rás**/lagði á flótta

3. **Rás** tvö hjá RÚV - 4. Þvagrás

ÍBÚAFUNDUR

Fimmtudaginn 13. október kl. 19:30

Fundurinn fer fram á *Svíðinu*, nýjum tónleika- og viðburðarsal við Brúartorg í miðbæ Selfoss.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Selfoss

- Leó Árnason, stjórnarformaður Sigtúns Þróunarfélags, fjallar um áframhaldandi uppbyggingu miðbæjarins.
- Sigurður Einarsson arkitekt fjallar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi miðbæjarins.
- Fundarstjóri er Valdimar Bragason.



ALLIR VELKOMNIR !



Samannáum við árangri

Þinn árangur
Arion



Þjónusturáðgjafi í Vík í Mýrdal

Við leitum að öflugum aðila í starf þjónusturáðgjafa í Vík í Mýrdal. Við viljum fá til liðs við okkur starfsfólk sem hefur áhuga á að sinna krefjandi verkefnum og hefur ánægju af því að veita framúrskarandi þjónustu.

Nánari upplýsingar um starfið má finna á arion.is/starf. Umsóknarfrestur er til 19. október 2022.



Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- › Að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu og ráðgjöf í gegnum síma, tölvupóst og í útibúi
- › Móttaka viðskiptavina
- › Kennsla og kynning á stafrænni þjónustu bankans
- › Að framfylgja þjónustu- og sölustefnu bankans hverju sinni
- › Ýmis önnur verkefni í samráði við yfirmann

Um er að ræða 60% starf. Vinnutími er frá 11:30-16:00 alla virka daga

Auglýsing um skipulag í sveitarfélaginu Ölfus



Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti þann 22. september eftirtalda skipulagstillögu til auglýsingar í samræmi við 1. málsgrein 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulag fyrir Gljúfurárholt land 7

Um er að ræða tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir lóðina Gljúfurárholt land 7 í Ölfusi. Skipulagið gerir ráð fyrir að byggð verði ein hæð með nýrri íbúð ofan á húsið sem fyrir er á lóðinni. Deiliskipulagið er í samræmi við heimildir fyrir uppbyggingu sem nýtt aðalskipulag, sem er í vinnslu, gerir ráð fyrir í dreifbýli.

Tillagan hefur verið auglýst áður en er nú auglýst að nýju vegna formgalla fyrri auglýsingar. Hún verður til sýnis á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn dagana 13. október til 24. nóvember 2022. Hægt er að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is fyrir lok dags þann 24. nóvember 2022 eða með bréfpósti á Skipulagsfulltrúi, Sveitarskrifstofum Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn.

Gunnlaugur Jónasson, skipulagsfulltrúi

Nýtt deiliskipulag fyrir íbúðar- og landbúnaðarlóðir í landi Minni-Borgar

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samþykkt að senda til skipulagsnefndar nýtt deiliskipulag fyrir íbúðar- og landbúnaðarlóðir á hluta af golfvelli í landi Minni-Borgar. Mikil eftirspurn er eftir lóðum í sveitarfélaginu og öllum skipulögðum lóðum hefur verið úthlutað.

Á nýja skipulagssvæðinu sem hefur fengið nafnið Borgarteigur verða 12 íbúðalóðir og hesthúsahverfi. Það svæði sem eftir er verður áfram skipulagt sem útivistar- og afþreyingarsvæði.

Markmið með deiliskipulagi landbúnaðarlands við Minni-Borg er að stuðla að fjölbreyttu byggðamynstri þar sem íbúum er gefinn valkostur um búsetu-hætti og að geta búið í nálægð við náttúru og dýralíf. Með gerð skipulagsins er stutt við megin stefnu sveitarstjórnar um að skapa góð skilyrði fyrir mannlíf og atvinnu til framtíðar og gera

búsetu á svæðinu eftirsóknarverða.

Það land sem deiliskipulagið nær til er um 27 hektarar og er skilgreint sem landbúnaðarsvæði (L3) í nýju aðalskipulagi. Samkvæmt aðalskipulagi eru þetta svæði með rúmum byggingarheimildum þar sem heimilt er að byggja litlar landspildur til fastrar búsetu, heimilt er að vera með landbúnaðar-starfsemi og minniháttar atvinnustarfsemi sem er jafnvel ótengd landbúnaði og hæfir stærð hverrar lóðar. Íbúðarlóðir eru á stærðarbilinu 1-1,4 hektarar.

Einnig verða á boði sjö hesthúsalóðir á svæðinu ásamt möguleika á lóð fyrir reiðhöll og reiðvöll.

Verkefnahópur hefur fundað með Vegagerðinni um undirgöng undir Biskupstungnabraut þannig að góð og örugg tenging myndist fyrir gangandi, hjólandi og riðandi frá Sólheimavegi á Borg. Vegagerðin hefur tekið já-

kvætt í það verkefni og skýrist það bráðlega hvenær sú framkvæmd kemst á áætlun.

Áætlað er að vinna við vegtengingar og lagnir á svæðinu hefjist á næsta ári.



Nýr vatnstankur á Berghylsfjalli

Nýr vatnstankur á Berghylsfjalli í Hrunamannahreppi hefur nú verið steiptur upp eins og sést á meðfylgjandi mynd. Tankurinn sem er 335.000 ltr (335m³) er stærsta einstaka fjárfesting ársins. Staðsetning hans er í 220 metrum yfir sjávarmáli (m.y.s.) 5 km neðan lindanna í Fagradal sem eru uppspretta neysluvatns í hreppnum og milli þeirra og annarra forðatanka sveitarfélagsins. Þess má geta að tankur í Langholtsfjalli er í

200 m.y.s og Högnastaðatankurinn í 120 m.y.s svo nýr tankur á Berghylsfjalli nær að fæða þessa tanka báða og eykst þar með afhendingaröryggi vatnsveitunnar verulega. Verklök voru upphaflega áætluð í lok júní 2022 en af ýmsum ástæðum hefur verið dregist. Gott veður gefur þó góðar vonir um að framkvæmdir muni ganga vel á næstu vikum. Verktaki við framkvæmdina er Hákon Páll Gunnlaugsson hjá fyrirtækinu Selás ehf.



Jólahlaðborð í sveitakyrrið

Einstök upplifun á aðventunni í hlýlegu umhverfi.

Jólaöldverður 9.500 kr.

TILBOÐ Á MAT OG GISTINGU

15.500 kr. á mann í 2ja manna herbergi

19.000 kr. fyrir eins manns herbergi

Innifalið er jólaöldhlaðborð ásamt morgunverðarhlaðborði.

25. og 26. nóvember

2. og 3. desember

9. og 10. desember

Nánari upplýsingar

og borðapantanir á

info@eldhestar.is



Eldhestar, Vellir, 816 Ölfus • 480 4800 • info@eldhestar.is • www.eldhestar.is



Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
prentmetoddi.is
Eyravegur 25, Selfoss

STARF Í BOÐI HJÁ RARIK

Rafvirki á Suðurlandi



RARIK ohf. auglýsir eftir rafvirkja til starfa á starfsstöð fyrirtækisins á Suðurlandi. Hér er um fjölbreytt starf að ræða í öflugum vinnuflokki sem vinnur við dreifikerfi RARIK á Suðurlandi. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

Helstu verkefni:

- Viðhald á dreifikerfi RARIK
- Eftirlit með tækjum og búnaði
- Viðgerðir
- Nýframkvæmdir
- Vinna samkvæmt öryggisreglum

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Sveinspróf í rafvirkjun
- Reynsla af rafveitustörfum
- Öryggisvitund
- Almenn tölvukunnátta
- Drifkraftur og geta til að vinna sjálfstætt
- Bílpróf

Nánari upplýsingar veitir Guðlaugur Valtýsson, deildarstjóri framkvæmdasviðs á Vesturlandi eða starfsmannastjóri RARIK í síma 528 9000. **Umsóknarfrestur er til 25. október nk.** og skal skila umsóknum með ferilskrá á vef RARIK, rarik.is/atvinna.

RARIK ohf. er rekið sem opinbert hlutafélag í eigu ríkisins. Hlutverk RARIK er að dreifa raforku auk þess að afla, dreifa og annast sölu á heitu vatni. Starfsmenn RARIK eru um 200 á 20 starfsstöðvum sem eru dreifðar vítt og breitt um landið.

RARIK ohf. | www.rarik.is/atvinna



KÓTELETTUKVÖLD Í ÞINGBORG

Hið stór skemmtilega Kótelettukvöld verður á ný haldið á vetrardaginn fyrsta í Þingborg laugardagskvöldið 22. október nk.

Húsið verður opnað kl. 19:30! Hátíðin sett kl. 20:00 (þökk sé mjaltapjónunum)

Allur ágóði rennur til Flóamannabókar, næst kemur Villingaholtshreppurinn út.

Skemmtidagskrá

Borðhald:

- Við borðum kótelettur í raspi ásamt tilheyrandi meðlæti (þökk sé íslenska bóndanum).
- Eftirréttur EMMESSÍS og kaffi.
- Gos, rautt og hvítt og bjór er selt af bar.

Skemmtidagskrá:

- Guðni Ágústsson verður veislustjóri
- Bassi okkar í Glóru leikur dinnermúsik
- Ketill Ágústsson yngri spilar á gítar og syngur (Ketill syngur Bubba Morthens í Borgarleikhúsinu, (Nú Líf)
- Eyjólfur Eyjólfsson óperusöngvari í London og París þenur röddina. Strákur í Hrygg og Hraungerði (Nú langspillskennari við Flóaskóla. (Búsettur í Roðgúl á Stokkseyri)
- Happdrætti aldarinnar!



Happdrætti

Forystugimbur frá Ytra Álandi.

Folatollur undan Ræðu-Jarli frá Brúnastöðum.

Kvígukálfur frá Kolsholti efh

Gisting fyrir tvo og þriggja rétta kvöldverður hjá Hótel 360° í Hnausi.

Gisting fyrir tvo og þriggja rétta kvöldverður hjá Hótel Geysi.

*Dregið verður úr seldum miðum.

Miða og borðapantanir hjá eftirtöldum aðilum:

Guðrún Tryggvadóttir - Sími 894 4448 - grenigrund@islandia.is
Sigmundur Stefánsson - Sími 898 6476 - sigmundurstef@gmail.com
Aðalsteinn Sveinsson - Sími 860 7714 - adalsteinnkolsholti@gmail.com

Aðeins 200 sæti eru í boði og því eins gott að vera tímanlega í að tryggja sér miða.

Miðaverð er 7.500 kr. Aldurstakmark miðast við 18 ár.



Ráðgjafi á Suðurlandi

Vinnumálastofnun óskar eftir að ráða ráðgjafa á þjónustuskrifstofu Vinnumálastofnunar á Suðurlandi.

Ráðgjafi þjónustar atvinnuleitendur og atvinnurekendur með það að markmiði að vinna gegn atvinnuleysi. Í starfi sínu þarf ráðgjafi að geta beitt fjölbreyttum aðferðum og myndað tengsl við ólíka aðila til að vinna að hagsmunum atvinnuleitenda og atvinnulífs.

Starfstöð ráðgjafa er á Selfossi.

Leitað er eftir einstaklingi sem á auðvelt með að tileinka sér gildi Vinnumálastofnunnar: Fyrirmyndarþjónusta; Virðing; Áreiðanleiki.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Ráðgjöf og vinnumiðlun
- Ráðgjöf og vinnumiðlun við fólk með skerta starfsgetu
- Ráðgjöf við flóttamenn
- Skráningar og upplýsingamiðlun
- Kynningar, starfsleitfundir og umsjón með námskeiðum
- Koma á og viðhalda tengslum við fyrir-tæki og aðra hagsmunaaðila

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi s.s. á sviði náms- og starfsráðgjafar, félagsráðgjafar, þroskaþjálfunar eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af ráðgjöf og vinnumiðlun er æskileg
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og góðir skipulagshæfileikar
- Góð samskiptahæfni, þjónustulund og metnaður til að skila góðu starfi
- Þekking af atvinnulífi svæðisins er æskileg

Athygli er vakin á því að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðunin um ráðningu hefur verið tekin. Starfshlutfall er 100% og æskilegt er að viðkomandi geti hafi störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veita: Svava Júlía Jónsdóttir forstöðumaður og Hallveig Ragnarsdóttir mannauðssérfræðingur í síma 515 4800 eða með fyrirspurn á netföngin svava.j.jonsdottir@vmst.is og hallveig.g.ragnarsdottir@vmst.is

Viljayfirlýsing um fagháskólanám í leikskólafræðum undirrituð

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra, undirrituðu í gær samstarfsyfirlýsingu um þróun og innleiðingu fagháskólanáms í leikskólafræðum á landsvísi. Auk ráðuneytanna koma Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og Samband íslenskra sveitarfélaga að yfirlýsingunni, en markmið hennar er að efla menntun starfsfólks leikskóla um land allt.

Verkefninu er ætlað að gera starfsfólki leikskóla sem ekki hefur lokið stúdentsprófi kleift að sækja fagháskólanám sem er að fullu metið inn í fimm ára leikskólakennaranám. Háskóli Íslands þróar og skipuleggur fagháskólanám í leikskólafræðum og mun Menntavísindasvið skólans bera ábyrgð á framkvæmd verkefnisins. Nemendum stendur til boða að fá stuðning við ástund námsins frá starfsfólki háskólans, fræðslustofnunum í heimabyggð og viðkomandi sveitarfélagi. Verkefnið er þarft enda vantar um 1.500 leikskólakennara til starfa á Íslandi, en hér á landi er lægsta hlutfall menntaðra leikskólakennara meðal OECD-ríkja.

„Með náminu fjölgum við þeim sem hafa menntun til kennslu og styrkjum þar með starfsemi leikskóla, í samræmi

við áherslur menntastefnu,“ segir Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra. „Öflugt fyrsta skólastig er vegnasti barnanna inn á síðari skólastig. Á sterkum grunni byggjum við sterka einstaklinga.“

Nám samhliða starfi í leikskólum

Verkefnið um fagháskólanám í leikskólafræðum hófst formlega árið 2018 með samvinnu Menntavísindasviðs HÍ, Háskólafélags Suðurlands, Félags leikskólakennara, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og fleiri hagaðila sem hluti af átaki stjórnvalda til að efla tengsl háskóla og atvinnulífs. Þann vetur var boðið upp á námið fyrir starfsfólk leikskóla á Suðurlandi og síðar tóku Menntavísindasvið HÍ og Keilir saman höndum um að bjóða upp á námið bæði á Suðurnesjum og Suðurlandi. Nú

hafa tveir hópar lokið náminu, einn í Árborg og annar á Suðurnesjum, með góðum árangri.

Námið er byggt upp með það að leiðarljósi að nemendur geti sinnt því samhliða starfi sínu á leikskólum. Þannig geta nemendur lokið 60 einingum á tveimur árum sem eru að fullu metnar ef sótt er um í bakkalárnám í leikskólakennarafræði að fagháskólanámi loknu. Meginatriði er að nemendur stundi sem svarar hálfu námi meðfram starfi og fái sérstakan stuðning við að stunda námið frá starfsfólki skólans.

Áætlað er að skráning í námið hefjist vorið 2023 og að síðan verði nýir hópar teknir inn annað hvert ár. Stefnt er að því að árið 2025 brautskráist allt að 100 nemendur, sem flestir myndu halda áfram í leikskólakennaranámi að fagháskólanámi loknu.



Starfstengt nám hjá Fræðslunetinu

Um þessar mundir eru tíu ár síðan að Fræðslunetið bauð í fyrsta sinn upp á nám fyrir félagsliða. Í þessum fyrsta hópi skráðu sig 12 þátttakendur. Námið var skipulagt til tveggja ára og kennt var tvisvar í viku. Eftir þetta fyrsta ár var komin góð reynsla á námsfyrirkomulagið og því fór Fræðslunetið af stað með sambærilegt nám fyrir starfsfólk leikskóla og haustið 2013 var í fyrsta sinn boðið upp á Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré. Síðan þá hafa báðar þessar námsbrautar verið vel sóttar og í heildina hafa 149 einstaklingar útskrifast úr náminu.

Námið er skipulagt í dreifnámi og í vendikennslu en það felur í sér að námsmenn hafa aðgang að fyrirlestrum sem þeir hlusta á þegar þeim hentar. Einu sinni í viku hittast þeir ásamt leiðbeinenda og ræða efni fyrirlestursins og vinna ýmis verkefni bæði einstaklingslega en líka í hópi. Þátttakendur koma víða að enda nær starfssvæði Fræðslunetsins frá Þorlákshöfn í vestri til Hafnar í Hornafirði í austri. Eins hefur það færst í vöxt að þátttakendur séu frá öðrum landssvæðum.

Umraðu- og verkefnatím-

arnir eru sendir út í gegnum samskiptaforritið Teams þannig að þátttakendur eru ýmis í starfsstöð Fræðslunetsins á Selfossi – Fjölheimum eða heima hjá sér. Á hverri önn eru kenndir þrír - fjórir áfangar og eingöngu einn áfangi í einu en það fyrirkomulag hefur hentað mjög vel. Námið nær yfir tvö ár á Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabrénni en yfir þrjú ár á Félagsliða- og stuðningsfulltrúabrénni. Fyrstu tvö árin er hægt að taka hjá Fræðslunetinu en seinni hlutann eingöngu í framhaldsskóla til þess að útskrifast sem félagsliði.

Í vetur eru 19 þátttakendur

skráðir á Félagsliða- og stuðningsfulltrúabré. Þess má geta að stór hluti af þessum þátttakendum tók þátt í raunfærnimati fyrir þessar námsbrautir í vor og fengu þó nokkuð af áföngunum í náminu metna. Frekari upplýsingar um brúarnámið og raunfærnimat er hægt að nálgast hjá náms- og starfsráðgjöfum Fræðslunetsins þeim Eydísí Kötlu, Söndru og Sólveigu.

Eydís Katla Guðmundsdóttir náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri með brúarnámi



Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúar á útskriftardegi í júní 2022

Hælisleitendum fjölgar um sem nemur íbúum Grindavíkur á ári

Ég hef heimsótt og kynnt mér þær aðstæður sem hælisleitendur á Íslandi búa við en kveikjan að þessari grein var heimsókn mín í blokkir á Ásbrú og Hafnarfirði þar sem hælisleitendur búa. Aðstæður þeirra eru óboðlegar en í einu húsinu búa um 140 manns í 50 herbergjum. Mér er sagt að aðbúnaður hælisleitenda í Grikklandi sé á pari eða betri en á Íslandi þótt öðru sé haldið fram.

Íbúafjöldi Grindavíkur á hverju ári

Nú fer sá tími í hönd að reikna megi með hælisleitendum sem koma til landsins fjölgi verulega. Vinnuálastofnun hefur 20 hótél og íbúðablokkir á leigu og til að mæta fjölgun hælisleitenda. Í síðustu viku voru tvö hótél tekin á leigu í Reykjanesbæ til viðbótar við blokkir á Ásbrú. Til áramóta þarf 3-4 blokkir til að hýsa þann viðbótarfjölda sem er á leiðinni. Svo kemur nýtt ár með yfir 3000 hælisleitendum, sem er sambærilegur heildarfjöldi íbúa í Grindavík. Hér er rauðglóandi húsnæðismarkaður og fátt eftir af húsnæði nema íþróttahús, safnaðarheimili og kirkjur fyrir þetta fólk að búa í. Hugmyndir eru uppi um að flytja inn gámaeiningar og búa til sérstök hverfi fyrir hælisleitendur. Í Svíþjóð hefur reynslan af slíkum hverfum ekki verið góð, svo ekki sé nú meira sagt.

Félagsþjónustan og húsnæðismarkaðurinn sprungin

Samkvæmt samningi við ríkið taka Reykjanesbær, Hafnarfjörður, Reykjavíkurborg, Akureyri og Árborg á móti hælisleitendum og tvö þau fyrstnefndu bera höfuð og herðar yfir önnur sveitarfélög þegar kemur að fjölda hælisleitenda í þjónustu. Þar er félagsþjónustan og húsnæðismarkaðurinn sprungin. Grunnskólakerfið og heilsugæslan eru sömu-leiðis komin að þolmörkum. Í Hafnarfirði áttu tveir starfs-

menn að vinna að málefnum hælisleitenda en þeir eru nú 16 og umfangið allt í samræmi við þessar tölur. Sveitarfélögin vilja skiljanlega að aukinni þjónustu fylgi aukið fjármagn. Þau eru að kíkna undan álaginu.

Íslenskt skattfé fjármagnar hryðjuverk

Útlendingastofnun og úrskurðarnefnd útlendingamála hefur veitt hælisleitendum frá Venesúela forgangsafgreiðslu við landamærin. Í dag er talið að 6 milljónir íbúa frá Venesúela séu að flýja bág kjör í heimalandinu. Nú þegar hafa 600 hælisleitendur frá Venesúela fengið hér hæli en 50 í Noregi. Allt bendir til þess að stór hluti hælisleitenda frá Venesúela komi frá Sýrlandi í gegnum Spán og greiði glæpahringjum þóknun til að komast til Íslands. Þegar hælisleitandinn er kominn til Íslands og fer á framfærslu ríkissjóðs koma krumlur glæpahringjanna á ný og krefjast hærri greiðslu. Glæpahringirnir hafa umboðsmenn hér á landi sem halda áfram að innheimta og beita fólkið harðræði við innheimtuna. Þannig lendir fjármagn frá íslenskum skattgreiðendum í höndum glæpahringja. Glæpahringja sem nota íslenska skattþeninga til að fjármagna mansal og hryðjuverk.

Raunveruleikinn á Íslandi er annar en fólk heldur. Umræðan hefur leitast við að kæfa þá sem reynt hafa að sporna við fótum. En þeir sem virða engin landamæri og skilja ekki að hverri krónu verður ekki eytt nema einu sinni telja að Ísland geti tekið á móti t.d. milljónum hælisleitenda frá Venesúela. Þetta fólk vill ekki sjá að hér eru allir innviðir sprungnir, það vantar margar blokkir undir hælisleitendur bara til næstu áramóta. Og á næsta ári má reikna með að þúsundir bætist í hópinn að öðru óbreyttu. Á það fólk að búa í gámahverfum þar sem skólar og félagsþjónusta er löngu sprungin? Reynsla annarra þjóða er að slík gettómýnd-

un eru stórhættuleg hverju samfélagi.

Fyrir hverja er hælisleitendakerfið?

Fólkið sem hælisleitendakerfið var búið til fyrir hefur gleymst. Fólk sem er að flýja stríð og ofsóknir gegn minnihlutahópum og er á flóttu til að bjarga eigin lífi og limum. Í staðinn tökum við á móti stærstum hluta hælisleitenda sem þegar hafa fengið vernd í öðrum löndum Evrópu. Allt að 50% hælisleitenda sem fá hér vernd hafa þegar fengið landvistarleyfi í öðrum löndum Evrópu. Það fólk er ekki að flýja stríð eða bjarga eigin lífi og limum, það er að flýja fjárhagslega afkomu í löndum Evrópu. Hælisleitendakerfið er ekki hugsað fyrir fólk sem er að flýja efnahagslega erfiðleika. Hér er framfærsla hælisleitenda betri en víðast annarsstaðar og straumurinn liggur til betra lífs á Íslandi. Sú staðreynd birtist í því að 4-6 sinnum fleiri hælisleitendur koma til Íslands en sækja til Svíþjóðar miðað við höfðatölu. Í samanburði við Norðurlöndin sækja hér hlutfallslega flestir um hæli og hlutfallslega langflestir fá hér hæli.

Við erum að missa tókin og gröfum þannig skipulega undan möguleikum okkar Íslendinga til að standa sómasamlega að móttöku hælisleitenda, sem eiga ekki í önnur hús að venda. Íslensk stjórnvöld þurfa að móta heildstæða stefnu í þessum málaflokki og halda sig við hana. Búa til kerfi sem byggir á því að málsmæðferð og niðurstaða byggist á jafnræði og gagnsæi og innleiða sambærilegar reglur og gilda í nágrannalöndum okkar. Ekki kerfi sem laðar að sér starfsemi glæpahringja og þar sem tafir á málsmæðferð verða að keppi-kefli.

Ásmundur Friðriksson
alþingismaður.

Ný störf auglýst í hverri viku!

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

www.dfs.is/atvinna/



Kerhólsskóli óskar eftir að ráða kennara í leikskóladeild og stuðningsfulltrúa í grunnskóladeild.

Kerhólsskóli er sameinaður leik- og grunnskóli með u.þ.b. 70 nemendum á aldrinum 1. árs upp í 10. bekk þar af eru 16 börn í leikskóladeild. Skólinn er Grænánaskóli og leggur áherslu á fagleg vinnubrögð, einstaklingsmiðað nám, umhverfismennt, útikennslu og heilsuefningu.

Vakin er athygli á stefnu Grímsnes- og Grafningsshrepps um jafnan hlut kynja í störfum hjá sveitarfélaginu.

Kennari í 100% starf. Kennarar í leikskóladeild starfa eftir starfslýsingu leikskólakennara.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfisbréf til kennslu í leikskóla
- Góð færni í samskiptum
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta
- Vilji til að gera góðan skóla betri

Fáist ekki kennari er möguleiki að ráða leiðbeinanda tímabundið.

Stuðningsfulltrúi á yngsta stigi í 75% stöðu. Stuðningsfulltrúi aðstoðar kennara inni í bekk.

- Góð færni í samskiptum
- Jákvæðni og sveigjanleiki
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta
- Vilji til að gera góðan skóla betri

Umsækjendur þurfa að sýna fram á hreint sakavottorð.

Umsóknarfrestur 16. október 2022
Æskilegt að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar gefur Jóna Björg Jónsdóttir skólastjóri í síma 480-5520, 863-0463. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist til skólastjóra, jonabjorg@kerholsskoli.is





HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

Nudd og Nuddnámskeið

Námskeið hefst á
Selfossi mánudaginn
17. október.

Nánari upplýsingar á
www.dao.is og facebook/
Dao Nudd.

Skráning í síma 8220727
og gunnar@dao.is

Gunnar L. Friðriksson
heilsunuddari



Snjómokstur á héraðsvegum, tengivegum og heimreiðum í Flóahreppi 2022-2025



Tilkynning um verðkönnun
Flóahreppur gerir hér með verðkönnun fyrir verkið:

Snjómokstur á Héraðsvegum, tengivegum og heimreiðum
í Flóahreppi 2022 - 2025.

Verðkönnunargögn eru eftirfarandi:

- Hefti: Verðkönnunargögn, verklýsing og tilboðsskrá.
Hægt að nálgast útprentað á skrifstofu Flóahrepps
eða óska eftir eintaki í tölvupósti á floahreppur@
floahreppur.is frá og með 17. október 2022.

Um verðkönnuna gilda auk þess eftirtalin rit, sem verða
hluti samnings:

- ÍST20:2012 almennir útboðs- og samningsskilmálar
um verkframkvæmdir.
- Reglur um vinnusæði: Gildandi útgáfa.
- ÍST30:2012 er hægt að kaupa hjá staðlaráði Íslands.

Fyrirspurnir ásamt óskum um upplýsingar og breytingar
skulu berast til Flóahrepps, eigi síðar en 24. október 2022
á netfangið floahreppur@floahreppur.is

Tilboðum skal skilað í lokuðu umslagi merktu „tilboð til
Flóahrepps“ fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 1. nóvember 2022
og sama dag á sama stað verða tilboðin/verðkönnun
opnuð kl. 14:15 að viðstöddum þeim, sem þess óska.

Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að semja við einn eða
fleiri aðila, taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Þingborg Flóahreppi, 11. október 2022
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

1.400 kílómetrar!

Kjördæmavika Alþingis er að
baki. Þá starfar þingið ekki
heldur gefst alþingismönnum
færi á að fara um kjördæmin sín
og heilsa upp á fólk á heima-
slóðum sínum.

Allir þingmenn Suðurlands-
dæmis ferðust saman í kjör-
dæmavikunni og hittu sveitar-
stjórnarfólk í síðustu viku. Að
baki eru nær 1.400 kílómetra
akstur og það segir sína sögu.

Þingmenn funduðu með
sveitarstjórnnum og við áttum þar
uppbyggileg og góð samtöl um
það sem helst brennur á þeim
sem eru í forystu á hverjum stað.

Sömu eða svipuð megin-
áhersluatriði eru í sveitarfélög-
unum en auðvitað eru líka sér-
hæðari mál sem áhersla er
lögð á hér og þar. Á góma bar

heilbrigðismál, samgöngur og
orkumál en einnig skólamál
og menntun, landbúnaðarmál,
fæðuöryggi og fjölbreytileiki at-
vinnulífs.

Einnig funduðu þingmenn
með lögreglustjórum og fóru
yfir málefni lögreglunnar. Brýnt
er að fjölga lögreglumönnum til
þess að tryggja öryggi borgar-
anna enda er á hverjum tíma
gríðarlegur fjöldi gesta í kjör-
dæminu, bæði ferðamenn og
allur sá fjöldi sem á eða er í
sumarbústöðum.

Suðurlandskjördæmi er víðfeðmt
og fjölbreytt. Þar er hliðið að Ís-
landi, Keflavíkurflugvöllur. Um
það bil helmingur orku lands-
manna verður til í Suðurlands-
kjördæmi og þar eru margar af vin-
sælustu náttúruperlum landsins.

Mörg öflugustu sjávarútvegs-
fyrirtæki landsins eru í Suðurlands-
kjördæmi og síðast en ekki síst
er þar að finna ótrúlega mikinn
mannauður. Svo mætti áfram
telja.

Það er verkefni okkar allra
að efla kjördæmið enn frekar,
treysta innviði og skapa um-
gjörð vaxtar og velsældar. Við
þingmenn kjördæmisins erum
samhentur hópur og ætlum
okkur að standa vel við bakið á
íðum kjördæmisins.

Við þökkum góðar móttökur
og horfum full tilhlökkunar til
starfsins á komandi þingvetri.

*Fyrir hönd þingmanna
kjördæmisins,
Guðrún Hafsteinsdóttir*



Ný náma opnar í Hrunamannahreppi

Í desember 2020 var gerður
frumsamningur við ábú-
endur Skollagrófar í Hruna-
mannahreppi og eftir fund með
hreppnum í ársbyrjun 2021
hófst vinnan við aðalskipulags-
breytingu í landi Skollagrófar.
Í maí sl. voru aðalskipulags-
breytingar komnar í gegn og
í kjölfarið var sótt um fram-
kvæmdaleyfi til efnistöku en
það ferli gekk bæði fljótt og vel.

Í millitíðinni, á meðan beðið var
eftir skipulagsbreytingum, gafst
ágætis tími til þess að senda efn-
isprufur úr námunninni í ýmskonar
prófanir og er skemmst frá því
að segja að efnin í Grófarnámu
uppfyllir öll skilyrði sem gerð
eru til steypuframleiðslu og
vegagerðar.

Það var því með mikilli gleði
sem stofnendur Grófarnámu
undirrituðu samning við land-

eigendur Skollagrófar í ágúst
sl. Þess efnis að vinna efnin á
svæðnu.

Um þessar mundir er unnið
að góðri aðstöðu en búið er að
opna formlega og er fyrst um
sinn helst hægt að fá skrautperlu
og sand. Fyrir frekari upplýsingar
er hægt að hafa samband
við Kristbjörn (Bubba) í s. 899
0816, Bjarna Sverris s. 864 2499
eða Margréti s. 699 4001.

Ungir fyrirtækjæigendur í Fjölheimum

Miðvikudaginn 5. október
sl stóð Hreiðrið frum-
kvöðlasetur fyrir öðrum hádeg-
isfrumkvöðlahittingi vetrarins
í Fjölheimum og í netheimum.

Að þessu sinni mættu þau
Linda Rós Jóhannesdóttir,
eigandi Stúdíó Sports og Guð-
mundur Helgi Harðarson, annar
eigandi GK bakarís til þess
að ræða um ferðalag sitt sem
ungir fyrirtækjæigendur og
hvað fékk þau til þess að taka
stökkið.

Að venju gátu gestir mætt í
hús, fengið sér súpu útbúna af
Birtu starfsendurhæfingu og átt
skemmtilegt spjall við frum-
kvöðlana. Netheimagestir gátu
hinsvegar fylgst með útsend-

ingunni í beinni, en jafnframt er
spjallið aðgengilegt á Facebook
síðu Hreiðursins.

Þriðji hádegishittingurinn
verður þann 2. nóvember nk.
en þá kemur Sigurgeir Skapti

Flosason tónlistarmaður og
frumkvöðull í heimsókn til þess
að segja frá því sem hann hefur
verið að brasa við í tónlist sl.
15 ár og nú á síðari árum, vinnu
sína tengda viðburðarstjórnun.



RISAPRENTUN

A0 • A1 • A2
VINNUTEIKNINGAR
PLAKÖT • LJÓSMYNDIR
RÚLLUSTANDAR



SÍMI 482 1944
SELFOSSO@PRENTMETODDI.IS
EYRAVEGUR 25, SELFÖSS



Jól í skókassa

Þó enn sé október þá er farið að bóla á jóladóti í verslunum, auglýsingar um jólatónleika heyrast og sást víða og kórar landsins æfa jólalögin af kappi. Nokkrir eru eflaust búnir að kaupa jólagjafirnar og einhverjir eru farnir að stelast til að spila eitt og eitt jólaglag. Heyrst hefur að sumir hefja jólaundirbúninginn einmitt um þetta leyti með því að útbúa fallega jólagjöf í skókassa sem send verður til Úkraínu á vegum KFUM og K.

Verkefnið Jól í Skókassa hefur verið starfrækt á Íslandi síðan 2004. Fyrir jólin 2021 fóru 4018 skókassar frá Íslandi til Úkraínu og þar af voru 166 frá Selfossi.

Í Úkraínu búa um 46 milljónir manna. Ekki nóg með að það ríki stríð þar núna þá hefur atvinnuleysi verið mikið og ástandið víða bágborið. Á því svæði þar sem skókössunum verður dreift ríkir mikil örbirgð, þeir fara meðal annars á mundaðarleysingjaheimili, barnaspítala og til barna einstæðra mæðra sem búa við sára fátækt.

Öllum er velkomið að leggja sitt á vogaskálarnar með því að útbúa skókassa. Til þess að tryggja að öll börnin fái svipaða jólagjöf er mælt til þess að ákveðnir hlutir séu í hverjum kassa. Frekari upplýsingar um innihalda og frágang kassanna er að finna inni á heimasíðunni www.KFUM.is/skokassar.

Selfosskirkja tekur á móti tilbúnum skókössum í verkefnið og kemur þeim áfram.

Tekið er á móti skókössunum á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum á milli kl. 13:00-16:00. Eins má skila þeim á sunnudögum á leiðinni í messu eða sunnudagaskólann.

Síðasti skiladagur er fimmtudagurinn 3. nóvember.

Greiðum götu Sigurhæða

Viltu aðstoða þolendur kynbundins ofbeldis?



Í Sigurhæðum takast konur á við margvíslegar afleiðingar kynbundins ofbeldis undir faglegri leiðsögn og byggja þannig upp sjálfsskilning, sjálfsmynd og sjálfstraust á ný. Leiðarljós Sigurhæða eru von og valdefling, traust, trúnaður og samkennd.

Um 40% kvenna um allt samfélagið hafa beina reynslu af kynbundnu ofbeldi — vinkonur, systur, dætur, mæður, ömmur, nágrannar, samstarfssystur — konur sem við öll umgöngumst og þekkjum úr okkar daglega lífi. Baráttan gegn kynbundnu ofbeldi snertir okkur öll og því biðlum við til þín að gerast velunnari Sigurhæða með styrktarframlagi og stuðla þannig að bættu samfélagi.

Úrræðið er fyrir allar konur 18 ára og eldri

Hver einstaklingur fær þjónustu við sitt hæfi

Öll þjónusta Sigurhæða er án endurgjalds



Þú getur styrkt starfið á sigurhaedir.is

Þú velur upphæð og fyrirkomulag á sigurhaedir.is

Framlagið getur verið mánaðarlegt eða í formi eingreiðslu

Þinn stuðningur er beinn styrkur til þolenda kynbundins ofbeldis

Þórmörk 7, 800 Selfoss | 834 5566 | sigur@sigurhaedir.is

sigurhaedir.is



Endurnýjuð brú á gamalli þjóðleið

Þann 1. október var formlega opnuð ný brú á fornri þjóðleið sem liggur meðfram Stóru Laxá og Hvítá, um lönd jarðanna Eiríksbakka og Iðu í Biskupstungum. Þar sem Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra er mikill hestamaður og býr handan Stóru Laxár, fékk hann þann heiður að klippa á borða nýju brúarinnar sem kemur í stað trébrúar sem var orðin feyskin og hættuleg yfirferðar.

Brúin er jafnframt óður til þeirra sem gengir eru og bjuggu á þremur bæjum í svokölluðum Iðukrók þ.e. á Eiríksbakka, Helgastöðum og Iðu. Vinátta og samheldni ríkti á milli bæjanna og brúin er að vissu leyti minnisvarði um allt það góða fólk. Hún er smíðuð af frumkvæði og í góðri samvinnu af núverandi ábúendum þessara bæja, þeim Guðmundi Ingólfssyni á Iðu og Kristjáni Skaphéðinssyni á Eiríksbakka. Auk þeirra komu Ólafur Kristjánsson á Helgastöðum og Loftur Ingólfsson frá Iðu til aðstoðar við að koma brúnni fyrir.

Öll vinna sem innt var af hendi við brúargerðina er sjálfboðin og unnin af ánægju en Hestamannafélagið Jökull og Hrossaræktarbúið í Vesturkoti lögðu fram styrki til efniskaupa.

Vinnan við brúna fór fram á hlaðinu á Iðu og síðan var hún flutt á vagni og komið fyrir á áfangastað. Rétt er að geta þess að allt efni sem notað var í brúarsmíðina er endurunnið, efni sem var hreinsað og endurnýtt. Má þar nefna að brúin sjálf er að uppistöðu úr gömlum malarvagni 8 metrar að lengd. Gólfborðin eru steypumót og fleira mætti telja. Hlið er á miðri brúnni hannað og smíðað af Guðmundi upp úr gamalli hitagrind úr gróðurhúsi. Kúla af gírstöng er endurnýtt til að loka hliðinu. Á hliðum brúarinnar eru ryðfrí rör úr mjólkurtanki sem gegna tvíþættu hlutverki þ.e. að vera sæti fyrir fánastangir á hátíðardögum og til að bera merki hennar. Lykkjur, gamlir varahlutir úr New Holland dráttarvélum, eru soðnar á báða enda brúarinnar svo hægt sé að binda þar hross. Þá eru skilti úr ryðfríu stáli sem vísa veginn og áletrun þar sem mönnum er óskað góðrar ferðar og upplýsingar um hvenær brúin var gerð. Skiltin eru útbúin og gefin af Sigurði Karlssyni sem er tengdasonur á Eiríksbakka.

Þessi forna þjóðleið sem liggur eftir bökkum Stóru-Laxár og Hvítár er nokkuð fjölfarin af bæði göngu- og hestafólki. Áður



Ólafur Kristjánsson og Böðvar Unnarsson ríða yfir brúna.

var þetta leið fólks sem kom austan að og átti leið um lögferjuna yfir Hvítá hjá Iðu. Núverandi þjóðvegur kom í gagn við árið 1952 og brúin yfir Hvítá hjá Iðu kom árið 1957. Þessi forna þjóðleið var oft á tíðum ill yfirferðar vegna vatns sem kemur úr austurhlíðum Vörðufells og leitar eftir farvegum út í næstu á. Á leiðinni voru illfærir ósar og má lesa á vefsíðunni laugaras.is bréfaskriftil til Sýslunefndar

Árnessýslu frá Skúla Árnasyni héraðslækni á árunum eftir 1900 þar sem hann biður um að byggðar verði brýr yfir vatnsmestu ósana. Fyrst voru byggðar þar trébrýr og síðar fimm steinbrýr og eru minjar sumra þeirra enn sýnilegar.

Við opnunina flutti Bragi V. Gunnarsson formaður Hestamannafélagsins Jökuls ávarp og þakkaði fyrir þetta sjálfbodna framtak heimamanna til úrbóta

á þessari skemmtilegu reiðleið. Einnig flutti Elinborg Sigurðardóttir á Iðu ávarp þar sem hún fór yfir sögu þessara þjóðleiðar og brúargerðina. Hún endaði mál sitt með eftirfarandi orðum: „Brýr tengja landsvæði, samskipti fólks og komandi kynslóðir. Megi þessi brú verða til farsældar öllum þeim sem um hana fara.”



Sigurður Ingi Jóhannsson klippir á borðann.



Malarvagninn í upphafi.



Skilti á brúnni.



Brúin tilbúin.




Elinborg Sigurðardóttir færir Elsu Ingjaldsdóttur (konu SÍJ) blómavönd í tilefni opunarinnar.



Bragi V. Gunnarsson flytur ávarp.



Leifar af gömlu steinbrúnni yfir Jónsós.



Landakort af leiðinni Iða - Eiríksbakki (til glöggvunar).

Sameiginleg fjölskyldu- og frístundamiðstöð er ekki bara draumur

Dagana 7.-11. september síðastliðinn fór góður hópur starfsfólks frá fjölskyldusviði Árborgar í fræðslu- og kynnisferð til Danmerkur. Hópurinn heimsótti sveitarfélögin Herning og Ikast-Brande á Jótlandi. Í Herning fékk hópurinn m.a. kynningu á nýlegu samstarfslíkani í skóla- og velferðarmálum, nýrri nálgun er varðar fósturfjölskyldur og ýmsum úrræðum sem eru í boði fyrir börn og barnafjölskyldur. Í Ikast-Brande fékk hópurinn m.a. kynningu á stjórnssýslunni og megináherslum sveitarfélagsins í mál-efnum barna og ungmenna en þar er meðal annars lögð áhersla á snemmtækan stuðning og farsæld barna.

Í Brande fóru kynningarnar fram í Artium skole sem er einn af 11 grunnskólum sveitarfélagsins. Skólinn er tiltölulega nýr og var hann byggður bæði sem skóli og menningarhús allra íbúa. Það var áhugavert að sjá

hvernig þetta tvennt er fléttað saman í sömu byggingu þar sem fjölbreytt starfsemi er frá morgni til kvölds.

Þarna má finna frístundabjónustu, almenningssbókasafn, samkomusal, tannlækna, hjúkrunarfræðinga, lögreglu og kvöldskóla svo eitthvað sé nefnt. Skólinn er vel tækjum búinn, meðal annars til list- og verkgreinakennslu, þá auðveldar þessi góða aðstaða starfsfólki að skipuleggja fjölbreytta kennsluhætti og nemendamiðað nám.

„Það er gott að láta sig dreyma og draumur um sameiginlega fjölskyldu- og frístundamiðstöð í Árborg þar sem börn og fjölskyldur geta sótt alla helstu þjónustu er ekki bara draumur heldur spennandi framtíðarsýn og raunhæfur valkostur að mati starfsfólks fjölskyldusviðs,“ segir í tilkynningu frá starfsfólki sveitarfélagsins.



Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is



Húsnæðisöflun

21817: Ríkiskaup fyrir hönd Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins (ÁTVR) óska eftir að taka á leigu um 100-150 m² húsnæði fyrir Vínbúð í Vík í Mýrdal.

Afmörkun húsnæðis:

Ríkiskaup fyrir hönd ÁTVR óska eftir að taka á leigu um 100-150 m² húsnæði fyrir Vínbúð í Vík í Mýrdal.



Húsnæðið þarf að fullnægja eftirfarandi kröfum:

- Liggja vel við almenningssamgöngum, hjólandi og gangandi umferð.
- Umferð að og frá húsnæðinu skal vera greið.
- Húsnæðið skal vera á jarðhæð.
- Húsnæði bjóði upp á að vöruhúð opnast beint út á bak- eða hliðarsvæði.
- Góð aðkoma sé að húsnæðinu fyrir viðskiptavinum og aðgangur að bílastæðum.
- Lögð er áhersla á gott aðgengi af bílaplani fyrir hreyfihamlaða og jafnframt þurfa að vera bílastæði fyrir starfsfólk.
- Aðkoma að húsnæðinu fyrir flutningabíla með vörur skal vera góð.
- Húsnæðið verður að fullnægja öllum kröfum sem opinberar eftirlitsstofnanir og umsagnaraðilar gera til slíks og vera samþykkt af þeim.

Fylgiskjöllum skal hlaða rafrænt upp í rafræna útboðskerfinu TendSign.

Gögn þurfa meðal annars að innihalda eftirfarandi:

1. Staðsetning húsnæðis
2. Teikningar af húsnæði
3. Afhendingartími
4. Ástand húsnæðis við afhendingu
5. Leiguverð án vsk. og skal tiltaka hvað er innifalið í því
6. Fyrirsjáanlegar breytingar sem gætu haft áhrif á kröfuliði 1- 11 að ofan á leigutímanum

Leigutími húsnæðisins er allt að 10 ár.

Húsnæðið skal afhenda samkvæmt samkomulagi og ræðst afhendingartími nánar af ástandi þess við afhendingu.

Mikilvægar dagsetningar:

Leigutilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu, eigi síðar en **kl. 12:00 mánudagurinn 7. nóvember 2022**. Ekki verður haldinn sérstakur opnunarfundur. Leiðbeiningar varðandi útboðskerfið er að finna á heimasíðu Ríkiskaupa.

Spurningar og svör verða meðhöndluð í hinu rafræna útboðskerfi.

Fyrirspurnatíma lýkur föstudaginn **31. október** og er svarfrestur til og með **2. nóvember 2022**. Fyrirspurnir varðandi verkefnið skulu sendar rafrænt í gegnum útboðskerfið TendSign í og verða svör birt þar, nafnlaust.

Áhugasamir aðilar eru því hvattir til að skila upplýsingum tímanlega. Það er á ábyrgð bjóðanda að svör berist innan tímafrests.

Almennar upplýsingar

Leiga á grundvelli þessarar auglýsingar er undanskilin lögum um opinber innkaup nr. 120/2016, sbr. a. lið 1. mgr. 11. gr.

Við mat á hagkvæmni tilboða verður m.a. tekið tillit til leiguverðs, stærð húss og skipulags þess út frá fyrirhugaðri starfsemi, afhendingartíma, staðsetningu, aðkomu og fjölda bílastæða.

Allar nánari upplýsingar um ferlið og útboðsskilmála er að finna gjaldfrjálst í útboðskerfi Ríkiskaupa, TendSign, á vefslóðinni <https://tendsign.is/>.

Leiðbeiningar um skráningu og skil á tilboðum er hægt að nálgast á heimasíðu Ríkiskaupa.

Nánari upplýsingar má finna á www.utbodsvefur.is.

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU

Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 19 - PPG opin fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krosus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn

Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundur alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

er opin á fimmtudögum kl. 13.

OPIÐ HÚS

fim. 13. okt. kl. 14:45.
Kaffi og meðlæti.
Gestir: Óli og Helgi
leika og syngja

FÉLAGSVIST

Þriðjudagar kl. 13:30.

FRJÁLS SPIL

Fimmtudaga kl. 13:30.

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122

Daglegar ferðir

SELFLOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

Orkugerðin

BÆNDUR
ATHUGIÐ!

Eigum ennþá
kjötmjöl til áburðar
á tún í vetur.

Fyrir nánari
upplýsingar:
Sími 575 6029 /
alexander@ss.is



Viltu vekja athygli
á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu
tilboð í auglýsingar í
blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is



KIRKJUR

Selfosskirkja

Opin þriðjudagssamvera í
Selfosskirkju 18. október kl. 14.
Verið hjartanlega velkomin til
heimilislegrar og góðrar sam-
veru í Selfosskirkju á þriðjudag-
inn kemur. Gestur samverunnar
að þessu sinni verður Bjarni
Harðarson bóksali og fv. þing-
maður sem deilir með okkur
vangaveltum dagsins. Kaffið
verður á borðum rjúkandi heitt
og konfekt. Maður er manns
gaman. Njótum samveru saman
og tökum jafnvel lagið. Allir eru
velkomnir.

Aðventistar

Safnaðarheimili aðventista,
Eyravegi 67, Selfossi, 15. októ-
ber. Biblíulexíur kl. 11 og guðs-
þjónusta kl. 12, ræðu hefur Karli
Fredrikson. Verið velkomin.

FUNDIR

Vöflukaffi

Vöflukaffi laugardag-
inn 15. okt. milli kl. 11
og 12 á Eyravegi 15.
Allir velkomnir.

BÍLAR



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti



Bifreiðaverkstæði

Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.



Hjólástillingar

Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

HEILSA

Nudd -
Svæðanudd

Dáleiðsla

Augnlestur og
heilsuráðgjöf

Einföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum

Alla fimmtudaga í Heilsulindinni
Miðgarði, Austurvegi 4, Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 899 1501

Til sölu

Hágámur til sölu

Til sölu 40 feta hágámur.
Upplýsingar í síma 899 9680
(Þorsteinn) og 899 9679
(Marsibil).



Kaffi Krús 30 ára

Kaffi Krús á Selfossi fagnar
30 ára afmæli um þessar
mundir og bjóða þau af því til-
efni upp á alls kyns afmælis-
tilboð í vikunni sem hægt er að
fylgjast með á Instagram- og fa-
cebooksíðum Kaffi Krúsar.

„Ég er sannfærður um að
það sé fyrst og fremst frábært
fólk sem hefur unnið hjá mér í
gegnum árin, eldað góðan mat

og veitt góða þjónustu sem er
lykillinn að farsælum rekstri.
Það er ákveðin stöðugleiki í
matnum og starfsfólkinu, gestir
okkar vita að hverju þeir ganga“
segir Tómas Þorodsson, eig-
andi Krúsarinnar, aðspurður
hver lykillinn að því að reka eitt
vinsælasta veitingahús á Suður-
landi undanfarin ár væri. HGL

Forsætisráðherra kom víða við

Forsætisráðherra, Katrín
Jakobsdóttir, kíkta við á
Flúðum, Hrunamannahreppi
í vikunni. Hún heimsótti m.a.
grunnskólann og fékk kynningu
á því metnaðarfulla starfi sem
þar fer fram og borðaði svo með
nemendum og starfsmönnum í
mötuneyti skólans. Eftir hádegi
var stutt kynning á starfsemi
Hrunamannahrepps og að því
loknu heimsótti forsætisráð-
herra ásamt fulltrúum sveitar-

félagsins fyrirtækin Límtré/
Vínret og Flúða sveppi. Á með-
fylgjandi myndum má sjá for-
sætisráðherra með nemendum
Flúðaskóla sem í tilefni dagsins
flögguðu fánum allra þjóðlanda
nemenda skólans en einnig
myndir frá heimsóknum í fyrir-
tækin sem heimsótt voru. Það
var greinilegt að Katrín skemmti
sér konunglega í góða veðrinu í
Gullhreppnum.



Ný rafeinda- og tölvuþjónusta á Selfossi

Þann 1. október sl. opnaði Magnús Hermannsson, raf-eindavirkjameistari og kerfisstjóri, rafeinda- og tölvuþjónustu í bílskúrnunum að Úthaga 13 Selfossi. Magnús er giftur Önnu Lindu Sigurðardóttur, deildarstjóra Fjölmennningardeildar Vallaskóla sem er hans hægri hönd. Ákvörðunin var tekin í kjölfar uppsagnar Magnúsar, eftir að að tölvudeild Árborgar var lögð niður þann 1. júlí sl.

Magnús hefur víðtæka reynslu í rekstri á tölvukerfum og hefur meðal annars starfað hjá Árborg, Árvirkjanum, Kögun Keflavíkur og við Lóranstöðina á Gufuskálum. Hann býr yfir mikilli þekkingu þegar kemur að lampagræjum og smíðar til dæmis slíka magnara. Upplýsingar um það og fleira má finna á heimasíðunni tubes.is.

Hjá Magnúsi verður boðið



upp á yfirfærslur á stafrænt form, s.s. vinyl, kassettur, ljósmyndir, slides, vhs, 8mm, miniDv og fleira. Einnig stendur til að bjóða uppá skýjalausnir hvað það varðar. Þá hefur hann mikla reynslu í viðgerðum á plötuspilurum, mögnurum og hvers kyns raftækjum.

Auglýstur opnunartími er 9-16 virka daga og eftir samkomulagi. Síminn er 699 7684.

Í október er boðið uppá 20% afslátt af öllum yfirfærsluverkum sem koma inn.

Opið hús verður föstudaginn 14.10 kl. 16-19 þar sem í boði verða kaffiveitingar.



Alþjóðadagur kennara

Miðvikudaginn 5. október síðastliðinn var Alþjóðadagur kennara og var honum fagnað í Fjölbautaskóla Suðurlands eins og um heim allan. Markmiðið með deginum er að vekja athygli á því mikilvæga og margvíslega starfi sem kennarar gegna og um leið að efla samtakamátt þeirra. Og huga að því hvernig menntun barna verður best háttað í framtíðinni. En í gegnum fagmennsku sína og reynslu gera kennarar allt sitt til að mennta og móta hugi komandi kynslóða og skapa jákvæðan skólabrag í hvetjandi skólaumhverfi.

Í Fjölbautaskóla Suðurlands starfa tæplega eitt hundrað kennarar í hinum margvíslegustu fögum innan bóknáms, verknáms, listnáms, náms í matvælagreinum, garðyrkju og íþróttakademía svo nokkuð sé nefnt. Þeir héldu upp á daginn með kennslu nemenda sinna og gæddu sér, í morgunkaffinu ásamt sínu frábæra samstarfsfólki, á marsípan- og skúkkulaðitertum í boði kennarafélags skólans en núverandi formaður þess er Guðmundur Björgvin Gylfason.



Umhverfisvottuð prentsmiðja



Stuðningur við skógrækt



Eitt tré fellt = Þrjú gróðursett



Hrein orka



Tækjakostur lágmarkar orkunotkun



Umhverfisvottuður pappír notaður við framleiðsluna



Umhverfisvottuður farfi notaður við framleiðsluna



Endurnýtanlegt hráefni



Stuðlað að fullnýtingu úrgangs



482 1944 www.prentmetoddi.is



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límimiðar



Bréfpokar



Græna sveit sem María Weiss stjórnadi. Mynd: Áshildur Böðvarsdóttir.

Hátt í 250 börn og unglingar léku á stórtónleikum í lðu

Um síðustu helgi var haldið Strengjamót á Selfossi þar sem strokhljóðfæranemendum af öllu landinu var boðið að taka þátt. Fiðlur, víólur, celló og kontrabassi. Allt að 250 börn og unglingar frá aldrinum 7 – 17 ára mættu og skipuðu fjórar stórar hljómsveitir eftir því hvar þau eru stödd í náminu; gula sveit fyrir byrjendur, svo rauða og græna, en bláa sveitin er fyrir þau sem lengst eru komin

í tónlistarnáminu. Stjórnendur sveitanna voru Örnólfur Kristjánsson, Kristján Matthíasson, María Weiss og Guðmundur Óli Gunnarsson og kynnir á tónleikunum var Magnea Gunnarsdóttir.

„Það er sérstaklega ánægjulegt að það tókst að halda mótið í ár í 3. tilhlaupi því að það stóð til að hafa strengjamótið á Selfossi haustið 2020, en Covid 19 tókst að fresta því um tvö ár.

Skipuleggjendur fengu skrekk þegar kom í ljós að veðurspáin fyrir sunnudaginn var mjög slæm, bæði á Hellisheiðinni og alls ekki ferðafært til baka fyrir þátttakendur frá Norðurlandi. Því var mótinu flýtt og klárað um kvöldmatarleitið á laugar-dag. Tónleikarnir tókust einstaklega vel. Eftir þá var boðið upp á pizzu og diskó og krakkarnir fór alsælir heim. Innilegar þakkir frá skipuleggjendum mótsins til þeirra sem ljáðu Strengjamótinu lið með húsnæði. Næsta strengjamót verður haldið að ári á Akureyri,“ segir Guðmundur Pálsson, tónlistarkennari og skipuleggjandi mótsins.



Hugrún Birna, Bryndís Hekla, Sólrún og Heiða Sif, nemendur í Tónlistarskóla Árnesinga. Mynd: Birna Sif Atladóttir

Pípulagnir Júlla

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@bttnet.is

HREINGERINGA- þjónusta Suðurlands ehf.

Allar ræstingar
Steinteppabreinsun, teppabreinsun,
bón, gluggabreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Freint um allt Suðurland

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsníði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

FRÖST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFÖSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FRÖST.IS

expert kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

TAXI SELFÖSSI

482-3800

Tækniþjónusta Suðurlands ehf. Selfossi

Sjónvarpskerfi
fyrir hótél og gistihús

Öryggiskerfi

Eftirlitsmyndavélakerfi

Hljóðkerfi

Símkerfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar Vilmundur
Guðmundsson Sigurðsson
Sími 694 4922 Sími 779 6777

Sprettur ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

FYLGDI

Útfarabjónusta



Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið á netinu!


www.vinnuvelaskolinn.is



Fæst hjá
BYKO Selfossi

Hjólbarðabjónusta Magnúsar

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Rétting og málun

Vottað rétttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi

480 8020



Bilaspurtaun - Bilaréttningar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi

Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is